

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

608. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. ágúst 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss mæta á fundinn.
2. Bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 21. júlí 2009
3. Bréf Alþingis dags. 4. ágúst 2009, beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.
4. Skólastjóri grunnskólans mætir til fundar.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdir sem eru í gangi í sveitarfélaginu. Farið yfir stöðu framkvæmda við Hvammstangabraut, gámavöll, vatnsveitu ofl.
2. Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytisins dags. 21. júlí 2009, þar sem fram kemur að í samræmi við 1. mgr. 7 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. ml. 1.mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs þá veitir ráðuneytið tímabundna undanþágu á ákvæði 4. töluliðs í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs frá gassöfnun fyrir urðunarstað Húnaþings vestra að Syðri Kárastöðum til 16. júlí 2011. Undanþágan er bundin því skilyrði að rekstraraðili staðarins nýti undanþágutímamann til að rannsaka frekar myndun hauggass á staðnum og geri viðeigandi ráðstafanir varðandi framtíðarsöfnun á honum ef myndun metans reynist veruleg.
3. Lagt fram bréf Alþingis dags 4. ágúst 2009, beiðni um umsögn um frumvarp til breytingar á lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Sveitarstjóra falið að sækja um frest til að skila umsögn og vinna umsögn um frumvarpið og leggja fyrir byggðarráð.
4. Skólastjóri er mættur til fundar til að kynna aðhaldsaðgerðir í grunnskólanum vegna skólaársins 2009-2010.
Samþykkt að taka á dagskrá.
5. Fundargerð 163. fundar skipulags- og umhverfissráðs frá 6. ágúst 2009 í 10 liðum. Liðir 1-6 samþykktir, lið 7 vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar, liðir 8 og 9 samþykktir og lið 10 frestað.
6. Lagt fram bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2008/2009. Úthlutun byggðakvóta 2008/2009 til Hvammstanga er 50 þorskígildistonn.
Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi: Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 2009 gilda með eftirfarandi viðaukum/breytingum:
 - a) Byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 740/2008 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 557/2009 að öðru leyti. Skipting er eftirfarandi: 35% er skipt jafnt milli ofangreindra

skipa og 65% milli ofangreindra skipa þannig að til viðmiðunar verði löndunarhæsta ár útgerðar í Hvammstangahöfn í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár nú 2005/2006, 2006/2007 og 2007/2008.

- b) Ákvæði 4. gr. reglugerðar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun er felld niður.
- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar er felld niður.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð nr. 557 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru eins og sérákvæði Húnaþings vestra voru endanlega hvað varðar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008. Hvað **a** lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár, rökstuðningur úthlutun byggðakvóta til Húnaþings vestra er vegna skerðingar í veiðum og vinnslu á rækju. Hvað **b** lið varðar þá er um sömu ákvæði að ræða og s.l. fiskveiðiár. Tillaga um að aftengja hámarksúthlutun 15 þorskígildistonn til einstakra fiskiskipa/báta er rökstudd með því að annars verður því ekki viðkomið að úthluta öllum byggðakvótanum. Hvað **c** lið varðar þá er rökstuðningur sveitarstjórnar sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:35

Elín R. Líndal(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),

Guðrún Ragnarsdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Oddur Sigurðarson(sign.).